

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, **184**
en framangreindar vörur skulu undanþegnar innflutningsgjaldi. 21. okt.

Fjármálaráðuneytið, 21. október 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

SAMÞYKKT

185

26. okt.

um borgarstjóraembættið í Reykjavík.

1. gr.

Samþykkt nr. 186 28. nóv. 1959, um skipun og skiptingu borgarstjóraembættisins í Reykjavík, er felld úr gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið ag samþykkt, samkvæmt 6. mgr. 30. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1960.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

186

26. okt.

um skemmtanaskatt í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Breiðdalshreppi og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

II. flokkur.

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

186

26. okt.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í I. flokki, skal greiða 10% af aðgangseyri og 20% af skemmtun í II. flokki. — Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Getur hreppsnefnd þannig undanþegið skemmtanir skatti, sem haldnar eru í góðgerðarskyni, svo og þær skemmtanir, sem haldnar eru sem fræðslu- og menningarstarfsemi.

5. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins. Heimilt er hreppsnefnd að hafa eftirlit með sölu aðgöngumiða og getur hún enn fremur ráðið sérstakan mann, til þess að annast eftirlit með skemmtunum.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar alla þá aðgöngumiða, sem ætlunin er að nota við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir samkomu, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir voru.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sé um félag að ræða, ábyrgjast allir stjórnendur þess gjaldið.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja þeim til menningar- og framfarastarfsemi í Breiðdalshreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 26. október 1960.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.